

Undirbúningur að vinnu með börnum - þróunarhringur 11

Námið á að taka mið af reynsluheimi barnanna, þörfum þeirra og áhuga. Jafnframt þarf stöðugt að nota námskrána til að ögra börnunum og vekja þannig áhuga þeirra á námi og nýjum uppgötvunum. Leikskólinn á að skapa samfellu í þroska og námi barnanna ásamt því að undirbúa þau undir áframhaldandi nám.
(Skolverket, 2018, bls. 10).

Tilgangur þessa verkefnis er að þið takið ásamt börnunum þátt í námsaðstæðum þar sem markmiðið er að börnin þroski skilning sinn á stærðfræðilega viðfangsefninu að telja. Þið getið valið eitt af eftirfarandi verkefnum og undirbúið jafnframt skráningu á framkvæmdinni.

Undirbúið námsaðstæður

Veljið eitt eða fleiri af eftirfarandi verkefnum:

- Farið í gönguferð í nærumhverfinu (þéttbýlinu, bænum, borginni) með börnunum. Hvetjið börnin til að benda á og ræða um tölur (tölutákn) sem þau sjá. Leyfið þeim að taka myndir af tölunum og skrifa þær niður þegar komið er aftur á leikskólann. Hvetjið börnin til að búa til spurningar um tölurnar og svara þeim. Börnin geta teiknað svörin ef það hentar. Ef til vill vilja þau nota myndina sem þau tóku sem útgangspunkt í tjáningu sinni. Notið tækifærið til að styðja börnin við að nota hugtökin „fleiri en“, „færri en“ og „jafn mikið“.
- Segið börnunum að persónurnar úr uppáhaldssögunni þeirra séu að koma í heimsókn og þær fái hressingu. Börnin þurfa að leggja á borðið þannig að allir hafi borðbúnað við hæfi (bolla, disk, hnífapör). Spyrjið börnin hvernig þau ætla að leggja á borð áður en þau byrja. Þau þurfa líka að deila matnum á sanngjarnan hátt þannig að allir fái jafnt. Leikskólakennarinn leggur til nógu mörg epli (eða eitthvað annað sem hæfir sögunni) þannig að allir fá tvo bita af hverju ásamt kexköku. Spyrjið börnin hvernig þau geti skipt veitingunum á milli og fáið þau jafnvel til að skrá niður hvernig þau fara að. Rétt áður en þau bera veitingarnar á borð lætur þú börnin vita að þú hafir fengið samtál frá einni persónu í viðbót sem vill líka koma í heimsókn og fá hressingu. Spyrjið börnin hvernig þau geti endurraðað borðbúnaðinum og hvernig best sé að skipta veitingunum á milli allra við þessa breytingu. Biðjið þau jafnvel um að skrá þetta líka. Þegar börnin hafa lokið verkinu skulið þið spyrjið þau hvort það hafi verið auðveldara/erfiðara að skipuleggja borðhaldið eftir að einn bættist við.
- Teiknið París á jörðina og látið börnin hoppa París. Látið síðan hópa af börnum hafa krítar til að teikna eigin París. Hvetjið þau til að hanna ólík mynstur í Parísana sína og skrá tölurnar til dæmis afturábak, eða hoppa á tveimur (2, 4, 6 o.s.frv.) eða á fimm (5, 10, 15 o.s.frv.). Spyrjið börnin hvernig þetta hefur áhrif á leik þeirra.

- Notið einfalda vasareikna eða spjaldtölvur.
 - Notið vasareikninn til að framkvæma fasta-aðgerð með því að slá inn til dæmis [2] [+] [1] [=]¹, skráið töluna sem birtist á skjánum (3) og ýta svo á [=] aftur og skrifa niður nýju töluna (4) fyrir neðan eða ofan fyrstu töluna, ýta á [=] aftur og skrifa niður nýju töluna (5) neðan eða ofan við síðustu tölu og svo framvegis. Biðjið börnin að spá fyrir um næstu tölu. (Með því að ýta aftur á [=] endurtekur vasareiknirinn síðustu aðgerð, í þessu tilfalli að leggja 1 við. Þetta kallast fasta-aðgerð.)
 - Spyrjið börnin hver sé stærsta talan sem þau þekkja og látið þau skrá hana í vasareikninn. Spyrjið þau hvort að hægt sé að leggja tölu við þá upphaflegu (til dæmis með því að ýta á [+] [1] [=] eins og í dæminu að ofan) og hvers vegna þau halda það. Látið þau prófa tilgátu sína.
 - Biðjið börnin að skoða hvort þau sjái eitthvert mynstur.
 - Spyrjið börnin hvort þau vilji prófa aðrar tölur sem fasta (í staðinn fyrir [1] í dæminu) og skoða önnur mynstur.
- Lesið söguna um Gullbrá og birnina þrjá fyrir börnin. Látið þau leggja á borð fyrir sögupersónurnar. Biðjið þau að skipta þykjustu mat, til dæmis berjum, á milli þeirra. Spyrjið þau hver á að fá færri ber og hver á að fá fleiri og hvers vegna?

Undirbúið skráningu

Undirbúið hvernig þið ætlið að skrá niður vinnu barnanna í samræmi við námskrána þannig að það sé mögulegt að geyma hana í safnmöppum ykkar:

- Hvaða hluta af stærðfræðilega viðfangsefninu að telja fengust börnin við?
- Hvert var hlutverk þitt í þróun þessara þátta?
- Hvaða hlutverk hafði umhverfið?
- Hvaða önnur stærðfræðileg viðfangsefni komu við sögu?
- Skoðið líkindi og mismun á þátttöku barnanna með kynjagleraugum.

Heimildir

Skolverket (2018). *Läroplan för förskolan: Lpfö 18 [Rafræn útgáfa]*. Stokkhólmi: Skolverket.

Námskeið: *Magnskilningur barna í leikskóla*

Þróunarhringur 11: *Talning*

Nafn greinar á frummáli: *Planera undervisning – Del 11*

Þýðandi: *Margrét Vala Gylfadóttir*

Þýtt með leyfi frá Skolverket.

¹ Það er að þrýsta á takkann „2“, takkann „1“ og takkann „=“.